

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. apríl 1989 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af staðgreinireit 1.171.2 sem markast af Bankastræti, Skólavörðustíg, Bergstaðastræti, Hallveigarstíg og Ingólfsstræti.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 gera ráð fyrir, borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1989.*

F. h. r.  
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 16. nóvember 1988, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjarðar á svæði verkamannabústaða milli Kelduhvams og Þúfubarðs.

Breytingin er fólgin í fjölgun íbúða úr 48 í 50, breytingu staðsetningu og fækkun íbúða með aðkomu frá Kelduhvammi.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1989.*

F. h. r.  
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*